

Ávarp stjórnarformanns

Mikill vöxtur varð á hreinni eign Lífeyrissjóðs bænda til greiðslu lífeyris á árinu 2019, var 37,2 milljarðar króna í árslok, hækkaði um 3,3 milljarða króna eða 9,6%. Hrein nafnávöxtun eignasafnsins var 12,6% sem samsvarar 9,6% raunávöxtun. Geysilega há ávöxtun 2019, sú næsthæsta í sögu sjóðsins, kom einkum fram í miklum hækkunum á gengi innlendra og erlendra hlutabréfa auk þess sem innlend skuldabréf skiluðu góðri ávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 4,7%, sem er umfram þau 3,5% sem almennt er miðað við varðandi þá ávöxtunarkröfu sem gerð er til lífeyrissjóðanna. Enn hærri er hún þegar horft er til síðustu 10 ára eða 4,9%. Mikil og góð ávöxtun skilaði verulegum bata í tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Heildarskuldbindingar sjóðsins voru 4,8% umfram heildareignir í lok árs 2019 á móti 9,4% neikvæðri stöðu í árslok 2018. Áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 2,5% af skuldbindingum á móti 7,0% neikvæðri stöðu í árslok 2018.

Á fyrstu mánuðum ársins 2020 hafði sjúkdómurinn COVID-19 veruleg samfélagsleg og efnahagsleg áhrif á heimsvísu þar sem skorður voru settar við atvinnustarfsemi og atvinnuleysi jókst mikið. Mikil ólga varð á innlendum og erlendum mörkuðum og miklar sveiflur hafa einkennt þróun eignaverðs.

Gengi innlendra hlutabréfa í Úrvalsvisitölu hefur lækkað á fyrri árshelmingi 2020 en ávöxtun innlendra skuldabréfa hefur hins vegar verið góð vegna lækkandi ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa. Á sama tíma hefur gengi krónu gefið eftir en eftir vaxtalækkunir hjá Seðlabanka og að samfélagið er smám saman að komast í venjubundinn farveg, að undanskildum ferðamannaiðnaðinum, hefur veiking krónu gengið að hluta til baka á vormánuðum. Helstu hlutabréfavitölur erlendis tóku einnig dýfu á fyrri hluta ársins 2020 og gripu flestir seðlabankar heims til ýmissa aðgerða til að styðja við efnahagslífið, og hafa þær lækkanir nú að mestu gengið til baka. Ljóst er að til skamms tíma verða áfram sveiflur á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.



Skúli Bjarnason

Við aðstæður sem þessar er vert að undirstrika mikilvægi áhættudreifingar hjá lífeyrissjóðum, sem er grunnþátturinn í eignasöfnum þar sem fjárfestingartími er langur. Til að ná fram áhættudreifingu fjárfestir Lífeyrissjóður bænda meðal annars í ólíkum eignum, eignaflokkum og landsvæðum. Áhættu er þar af leiðandi dreift á þann veg að þótt lækkun verði á ákveðnum eignaflokki, á ákveðinni tegund eigna eða innan ákveðins landsvæðis eru líkur á að hún vinnist að hluta upp í hækkun á öðrum flokkum og dragi þannig úr sveiflum á eignasafni. Þrátt fyrir framangreindar sviptingar hefur raunávöxtun á eignasafninu fyrstu fimm mánuði ársins verið um 3,5%. Væntingar eru því um að framhald verði á góðri ávöxtun eignasafnsins á árinu 2020 þrátt fyrir heimsfaraldurinn.

Sjóðfélögum, lífeyrisþegum, starfsfólki, stjórn og samstarfsaðilum er þakkað ánægjulegt samstarf á liðnu ári og óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Skúli Bjarnason
Formaður stjórnar

